

ríkum sem fátækum, og sál og sannfæring bónadamannsins jafn-gildi sálar og sannfæringar þeirra, er ofar sátu.

Eins og kunnugt er, náðu þessar skoðanir út fyrir kyrkjuna. Þær urðu aðal undirrót framfara og frelsishreyfinga seytjándu og átjándu aldarinnar, og fjöturinn, er batt konungsvaldið og gaf þingi og þjóð fullkomnið sjálfstæði, unz að nú er komið svo, að þar, sem þjóðin fær ekki mestu að ráða um sín andlegu og ver-aldlegu mál, þar þykir óþolandí harðstjórni og kúgum.

Það er því dálítið einkennilegt að rekja ættir þessara protestantisku kyrkjulinga og sjá, hversu þau hafa orðið til. Það sýnir svo ótvíraðlega kraftleysi kyrkjunnar að halda við sína fornu lærðóma án þess að láta undan síga. Hugmyndin, sem liggar til grundvallar kyrkjulingunum, er alveg gagnstæð þeirri, er falin er í biskupavaldinu, á sama hátt og lýðstjórni er gagn-stæð konungsstjórni í ríkismálum. Fólk yfir höfuð heimtar alt af meira og meira frelsi. Það heimtar alt af, að fá að hafa meiri ráð í landsmálum eftir því sem tímaninn líður. Og ríkið verður að láta að kröfum þess og kyrkjan líka.

Þær kyrkjudeildir, er jafnan hafa byggt alla sína stjórni á fyrirmælum almennra þinga, eru Kongregazionalistar og Unitar-ar. Það er grundvallaratriði í kyrkjurétti þeirra. Hugmynd-inni, sem rískir í biskupakyrkjunum, að einstaklingurinn sé til að eins fyrir kyrkjuna, er alveg snúið við hjá þeim. Kyrkjan er til að eins fyrir einstaklinginn, og honum á hún að vinna gagn ella að öðrum kosti að deyja.

Að kyrkjulinga hugmyndin hefir rutt sér til rúms hjá oss íslendingum hér vestra, er ekki nema eðlilegt. Það er dálítið einkennilegt samt, að lútherska kyrkjan með biskuparéttinn skyldi gjörast að forminu til kongregazional, og þó þykjast vera óumbreytanleg og ein og sú sama, og hún hefir alt af verið. Skyldi það nú vera þýðingarminni tilbreyting frá kyrkjulegu sjónarmiði, en þótt farið væri að hrófla við einstöku atriðum játningarritanna, er þegar eru orðin langt á eftir tímanum? \* Væri ekki gott, að almenningur athugaði það, fyrst hann hefir nú eignast þau réttindi, að mega ræða mál sín á þingum?

\*) Sbr. tillögur Matth. Jochumssonar á prestastefnunni norð-an lands í fyrra sumar, og hvað „Verði ljós“ sagði um þær.